NORDPLUS Adult

Samantekt um námsskrá

Menningar sjálfboðaliðar í dreifðum byggðum

Hans Jørgen Vodsgaard and Ena Drenkhan (Ed.)

NORDPLUS Adult

Samantekt um námsskrá – Menningar sjálfboðaliðar í dreifðum byggðum.

Ritstjórar: Hans Jørgen Vodsgaard and Ena Drenkhan; and co-editors: Bente von Schindel, Tomas Järvinen and Gréta Bergrún Jóhannesdóttir.

© 2018: Interfolk, Tartu Folk High School, Musisk Oplysnings Forbund Denmark, Finnish Swedish Youth Association og Þekkingarnet Þingeyinga (Husavik Academic Center).

Öll réttindi áskilin. Vitna má í samantektina ef heimilda er getið.

Útgefandi: Interfolks Forlag

Uppsetning: Interfolks Forlag

Fyrsta útgáfa, Janúar 2018

Þessi samantekt er birt sem partur af verkefni í Nordplus Adult, 2016-2018, SPARK: Námsskrá og þjálfun fyrir menningar sjálfboðaliða í dreifðum byggðum.

Meiri upplýsingar má finna á vefsíðunni: http://nordplus-spark.one/

Þessi útgáfa speglar álit og upplýsingar frá höfunum samantektarinnar, og er Norræna ráðherranefndin ekki ábyrg fyrir því efni eða þeim upplýsingum sem hér koma fram.

Efnisyfirlit

Formáli 3

1. Skilgreiningar og merking námskráa 4

1.1 Möguleg skilgreining 4
1.2 Meginatriði í gerð námskráa 4

2. Leiðbeiningar um námskrá fyrir fullorðins fræðslu 6

2.1 Fullorðins fræðsla 6
2.2 Að skipuleggja árangursmiðað nám 6
2.3 Upplýsingar námskráa 7
2.4 Námsmat 9
2.5 Námsárangur 10
Heimildir 12

3. Almenn námskrá fyrir menningarlega sjálfboðaliða 13

1. Titill námskrárinnar 13
2. Uppbygging námskrárinnar 13
3. Markmið námskeiðsins 13
4. Hæfniviðmið 13
5. Markhópur 13
6. Inntökuskilyrði 14
7. Kennslustundir og námskeiðstegundir 14
8. Helstu viðfangsefni 14
9. Kennsluaðferðir 14
10. Námskeiðsgögn 14
11. Námsumhverfi 14
12. Undirbúningur, námsmat og eftirfylgni 15
13. Námsskírteini 15
14. Hæfni kennara 15
Kennsluáætlun: 16

4. Yfirfærsla náms 17

4.1 Bakgrunnur og þarfir 17
4.2 Markmið náms 17
4.3 Áhersla á yfirfærslu - fyrir og eftir námskeið 17

Dæmi um námskeið fyrir menningar sjálfboðaliða. 18

Viðauki: Kynning á fjórum prufu námskeiðum. 20

I. The Danish pilot course 20
II. The Finnish pilot course 22
III. The Estonian pilot course 24
IV. The Icelandic pilot course 25

Formáli

Þessi skýrsla er hluti af tveggja ára þróunarverkefni Nordplus Adult, frá ágúst 2016 - júlí 2018 og ber yfirheitið „Námskrá og þjálfun fyrir menningarlega sjálfboðaliða í dreifðum byggðum“ (skammstöfun: SPARK).

Verkefnið hefur verið stutt af Nordplus programme of the Nordic Council of Ministers. Samstarfið samanstendur af fimm samtökum frá fjórum norrænum- og Eystrasaltsríkjum sem starfa á sviði þátttöku-listar, sjálfboðaliðamenningar, frjálsrar fullorðins fræðslu og þróunar borgaralegra samfélaga. Samstarfs-aðilar eru:

Musisk Oplysnings Forbund Denmark (DK) – sjá www.mof-dk.dk

Interfolk, Institute for Civil Society (DK) - sjá www.interfolk.dk

Finnish Swedish Youth Association (FI) – sjá www.fsu.fi

Tartu Folk High School (EE) – sjá www.rahvaylikool.ee

Husavik Academic Center (IS) – sjá www.eything.is

Á undanförnum árum höfum við séð vaxandi áhuga, bæði pólitískan og almennan, fyrir því að styrkja dreifðar byggðir aðildarlandanna sem og koma í veg fyrir núverandi þróun þar sem íbúar flytja frá lands-byggðinni til þéttbýlis. Ein leið til að koma í veg fyrir þessa þróun getur verið að bjóða upp á og stuðla að lista- og menningarstarfsemi með auknum samfélagslegum gildum.

Samstarfsaðilar eru þeirrar skoðunar að ný verkefni þriðja geirans innan lista- og menningarsamtaka og sjálfboðaliðar þeirra geti skipt sköpum. Til að tryggja menningarlega sjálfbærni á þessum svæðum þarf að styrkja tengsl íbúa eða jafningja, þar sem borgaraleg samtök frá ýmsum menningarlegum sviðum áhuga-listamanna, sjálfboðaliðamenningar og menningararfs, veita lista- og menningarstarfsemi aukið samfélags-legt gildi.

Markmið verkefnisins er að þróa nýja námsmöguleika fyrir menningarlega sjálfboðaliða í dreifðum byggðum. Það veitir samfélaginu ný tækifæri, eykur þátttöku íbúa og styrkir menningarstarf og tengsl innan samfélagsins.

Helstu atriði verkefnisins hafa verið:

1. Að kortleggja góða kennsluhætti og hæfni menningarlegra sjálfboðaliða á svæðinu og leggja fram nauðsynleg hæfniviðmið í marghliða norrænni skýrslu.
2. Að draga fram aðalatriðin um hvernig megi ráða og/eða þjálfa menningarlega sjálfboðaliða í framtíðinni.
3. Að þróa og prófa námskrána og forathuga námskeið í hverju landi.
4. Að birta marghliða samantekt um viðeigandi námskrá og námsaðferðir.
5. Að miðla niðurstöðunum vítt og breitt til norrænna- og Eystrasaltsríkja.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu verkefnisins: http://nordplus-spark.one/

Von er um að þessi samantekt um námskrá muni veita nýja þekkingu og geti veitt öðrum hagsmuna-aðilum innblástur til að skipuleggja ný námskeið fyrir sjálfboðaliða sína og starfsfólk. Markmiðið er að styrkja samfélögin, og lífga upp á lista- og menningarleg tækifæri í dreifðum byggðum.

Janúar 2018,

Hans Jørgen Vodsgaard

1. Skilgreiningar og merking námskráa

1.1 Möguleg skilgreining[1]

"Hugtakið námskrá vísar til kennslustunda og þess fræðilega efnis sem kennt er í skóla eða á tilteknu námskeiði. Skilgreining fer eftir því hversu almennt fræðimenn skilgreina eða nota hugtakið en vísar venjulega til þeirrar þekkingar og færni sem gert er ráð fyrir að nemendur læri, þar með töldum náms stöðlum eða markmiðum sem ætlast er til að þeir nái, þeim einingum og kennslustundum sem kennarar kenna, þeim verkefnum sem nemendum eru gefin, bókum, efni, myndböndum, kynningum og lesefni og prófum, námsmati eða öðrum aðferðum sem notaðar eru til að meta nám nemenda. Námskrá einstakra kennara, gætu til dæmis verið, ákveðnir náms staðlar, kennslustundir, verkefni og efni sem notað er til að skipuleggja og kenna ákveðið námskeið."

1.2 Meginatriði í gerð námskráa [2]

Námskrá felur í sér umfjöllun um markmið, fyrirhuguð hæfniviðmið, kennsluáætlun eða efni og náms- og matsaðferðir. Þessum þáttum er nánar lýst hér að neðan.

Markmið

Markmið námskrár fela meðal annars í sér ástæður fyrir því að hefja nám. Þá er heildartilgangur þess eða forsendur frá sjónarhóli nemandans einnig leið að markmiði.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið eru þau viðmið sem nemendur læra ef þeir fylgja námskránni með góðum árangri. Þegar viðmið eru sett fram er gott að:

a) Setja hver viðmið fram þannig að nemendur skilji þau og geti framkvæmt.
b) Hafa mismunandi viðmið. Algengust eru hugræn viðmið (þekking: að læra staðreyndir, kenningar, formúlur, reglur og fleira) og frammistöðuviðmið (færni: læra hvernig á að nota aðferðir, útreikninga og aðra úrvinnslu). Í sumum tilfellum er tilfinningahæfni einnig mikilvæg (þróa með sér viðhorf og gildi, til dæmis þau sem þykja nauðsynleg fyrir ákveðna starfsgrein).

Kennsluáætlun

Þetta er innihald námskeiðsins, þau umræðuefni, málefni eða viðfangsefni sem farið verður yfir. Þegar velja á slíkt efni, skal hafa eftirfarandi atriði í huga:

a) Það ætti að vera viðeigandi fyrir námskrána. Árangursrík námskrá hefur ákveðinn tilgang og leggur skýra áherslu á hæfniviðmið. Ef efnið kemur málinu ekki við en er þó áhugavert, getur það verið truflandi fyrir nemendur.
b) Það ætti að hæfa námsstigi. Árangursrík námskrá er framsækin og ætti að leiða nemendur áfram og byggja á því sem áður hefur farið fram. Efni sem er of létt eða of erfitt fyrir námsstigið getur valdið því að nemendum leiðist eða gert þeim erfiðara fyrir. Einnig minnkað áhuga þeirra á að læra.
c) Það ætti að vera uppfært, í takt við tímann og ætti að endurspegla nýlegar rannsóknir.

Náms- og kennsluaðferðir

Þetta eru þær leiðir til að virkja nemendur við kennsluáætlunina, það er, þær gerðir kennslu sem námskráin felur í sér. Þó þær feli í sér kennslustundir (fyrirlestra, rannsóknarvinnu, vettvangsvinnu) er mikil-

---

[1] Skilgreining The Glossary of Education Reform – sjá http://edglossary.org/curriculum/

[2] Sjá einnig http://www.tlso.manchester.ac.uk/map/teachinglearningassessment/teaching/curriculumdesign

vægt að hafa í huga að aðal áherslan ætti að vera á náminu sjálfu og hvaða leiðir eru til, til að vinna það. Til dæmis:

a) Einstaklingsmiðað nám er mikilvægt í námskrá og ætti að vera skipulagt á sama hátt og annað nám. Gott er að benda á ákveðin verkefni, frekar en að reiða alfarið á nemendur til að ákveða hvernig best sé að nýta tímann við nám.
b) Hópavinna er einnig mikilvæg. Nemendur læra af hvor öðrum á þann hátt sem þeir geta ekki lært einir eða af starfsfólki. Það að hafa hópverkefni inni í námskrá er talið bæta hana verulega.
c) Netnám er sífellt að verða mikilvægara í námskrám og þarf að skipuleggja vandlega ef það á að bera árangur. Efni á netinu getur veitt góðan stuðning við nám og hægt er að hanna slíkt svo það sé gagnlegt til sjálfsmats (sjá að neðan).

Matsaðferðir

Nám nýtist best þegar nemandi fær endurgjöf eða athugasemdir, það er, þegar þeir fá upplýsingar um það sem þeir hafa nú þegar (og hafa ekki) lært. Það ferli kallast mat og skiptist í þrennt:

a) Sjálfsmat, þar sem nemandi lærir að fylgja eigin námi eftir og meta. Þetta ætti að vera mikilvægur þáttur í námskrá þar sem markmiðið er að nemandi sé íhugull og sjálfsgagnrýninn við lok náms.
b) Jafningjamat, þar sem nemendur veita hvor öðrum endurgjöf. Hægt er að líta á þetta sem viðbót við sjálfsmat og krefst því trausts og gagnkvæmrar virðingar. Rannsóknir sýna að nemendur geti lært jafn vel og kennarar að dæma verkefni annarra.
c) Kennaramat, þar sem starfsmaður eða kennari gefur nemendum athugasemdir eða endurgjöf.

Mat getur verið tvenns konar, það sem talið er mótandi eða til leiðsagnar (veita endurgjöf til nemenda svo þeir læri meira) og það sem kallast lokamat (árangur dæmdur með vísan í hæfniviðmið). Mat felur gjarnan í sér hluta úr hvoru þar sem verkefnum er gefið einkunn og því svo skilað til nemenda með ítarlegri athugasemdum.

Lokamatið felur gjarnan í sér einkunn eða stig en það hjálpar starfsfólki að taka ákvarðanir um framvindu nemenda í gegnum námið en hefur þó lítið menntagildi.

Alla jafna læra nemendur meira á leiðsagnarmati þar sem þeir komast í skilning við styrkleika sína og veikleika, frekar en að vita hvaða einkunn eða stig verkefnið fékk.

2. Leiðbeiningar um námskrá fyrir fullorðins fræðslu

Þessar leiðbeiningar leggja áherslu á námskeið fyrir fullorðna og snúa að nemendamiðaðri nálgun og reglum um árangursmiðað nám. Slíkt nám leggur áherslu á mælanlegan árangur sem nemendur eiga að ná í kjölfar námsins.

2.1 Fullorðins fræðsla

Nám er breyting á viðhorfum eða sjónarmiðum einstaklings og aukning í þekkingu eða færni sem verður í kjölfar þess að stunda nám (Kirkpatrick, 1998). Þessar breytingar hjálpa nemendum að takast betur á við umhverfið (Knowles, Holton og Swanson, 1998).

Kennsla fullorðinna er frábrugðin kennslu barna. Fullorðnir nemendur hafa mikla sjálfsvitund og fyrri reynslu, auk þess finna þeir gjarnan tengsl á milli reynslu sinnar og námsins. Nám þeirra byggir á því sem þeim vantar, í lífi eða starfi og hafa þeir gjarnan áhuga á lausnamiðuðu námi (Illeris, 2004; Knowles o.fl., 1998).

Ýmsar ástæður hvetja fullorðna til að fara í nám. Áhugi þeirra á námi tengist því að þeim vantar aukna færni eða ákveðna hæfileika, eyða dýrmætum tíma með öðrum eða því að skilja betur það sem áður var óljóst. Þó svo að þeir svari ytri hvatningu (svo sem starfstækifærum eða hærri launum) hefur innri hvatning meiri áhrif á þá því þeir átta sig á mikilvægi náms fyrir þroska sinn (Knowles o.fl., 1998).

Námsferlinu má skipta í fjögur stig:



Mynd 1: Námsferli fullorðinsfræðslu frá sjónarhorni skipuleggjenda (Pilli o.fl., 2013)

2.2 Að skipuleggja árangursmiðað nám

Ákveðin fræðsla hefst á því að setja markmið og deila þeim með öllum hagsmunaaðilum hennar. Nemendur, kennarar, samningsstofnanir, styrktaraðilar og aðrir hagsmunaaðilar verða að vera meðvitaðir um markmið og áhrif fræðslunnar. Mikilvægt þykir, ef hægt er, að taka mið af reynslu nemenda og leyfa þeim að taka þátt í að setja fram markmið (Kirkpatrick, 1998).

Þegar fræðsla er valin af fyrirtækjum eða samtökum, hefur markhópurinn fyrir fram verið ákveðinn og stofnanirnar sett fram markmið. Í þeim tilvikum þurfa kennarar að taka efni fræðslunnar sérstaklega fram, hæfniviðmið og kennsluaðferðir. Einnig þurfa þeir að ákvarða hvaða kröfur þarf að uppfylla. Fræðsla fer fram samkvæmt námskrá, því þarf við hönnun hennar að taka tillit til markhópsins, þarfa hans og hæfniviðmiða (Pilli o.fl., 2013).

Markmið námskrár árangursmiðaðs náms þurfa að lýsa því sem ná á fram við lok fræðslunnar, þau eru því sett fram á grundvelli hæfniviðmiða þátttakenda. Allt kennsluferlið leggur áherslu á að ná þessum viðmiðum á sem bestan hátt (Suskie, 2009).

2.3 Upplýsingar námskráa

Venjulega þarf námskrá að innihalda að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar um:

1) Titil námskrárinnar
2) uppbyggingu námskrárinnar og námshóp sem hún er ætluð
3) markmið fræðslunnar
4) hæfniviðmið fræðslunnar
5) þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að hefja nám, ef þau teljast undanfarar til þess að hæfniviðmiðum sé náð
6) umfang námsins, þar með taldar kennslustundir, verklegar og einstaklingsmiðaðar
7) lýsingu á efni námsins
8) náms- og kennsluaðferðir
9) lýsingu á námsumhverfi
10) námsefni, ef það er nauðsynlegt til að ljúka náminu
11) þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að ljúka námi og skilaverkefni
12) lýsingu á skilyrðum, námi eða starfsreynslu sem krafist er til símenntunar

1. Titill námskrárinnar

Þarf að vera bæði aðlaðandi, lýsandi og þarf að endurspegla efni símenntunarinnar.

2. Uppbygging námskrárinnar

Byggir á markmiðum fræðslunnar. Hægt er að útbúa námskrá sem byggir á starfsréttindastöðlum eða hluta úr þeim, einingum úr aðalnámsskrám skóla eða ákveðnum hlutum úr þeim. Einnig má styðjast við ákvæði úr lögum þó það eigi ekki alltaf við á menningarsviði.

3. Markmið

Fræðslan felur í sér heildarmarkmið eða tilgang, og þau sértæku markmið sem stefnt er að.

4. Hæfniviðmið

Hæfniviðmið eru sett fram í samræmi við markmið fræðslunnar og þurfa að vera mælanleg, það þarf að vera hægt að meta þau og ná innan ákveðins tíma. Almennt eru 4-6 viðmið sett fram en þau liggja til grundvallar þess að valdar séu viðeigandi kennslu- og námsaðferðir, eins til að valdar séu matsaðferðir sem og uppbygging og innihald námsins.

Bæði er hægt að koma fram með markmið og hæfniviðmið í námskránni en hæfniviðmiðin útskýra og segja til um markmiðin.

5. Inntökuskilyrði

Geta verið háð samhengi fræðslunnar og markhópsins. Til að mynda ef fræðslan er ætluð menningarsérfræðingum, er gert ráð fyrir reynslu á því sviði. Þó er í flestum tilvikum ekki nauðsynlegt að setja svo strangar kröfur.

6. Umfang náms

Í símenntun er venjulega mælt í akademískum klukkustundum en ein slík er 45 mínútur. Þar af leiðandi ætti námskrá að taka tillit til vinnustunda nemenda en ekki kennara.

Námi er hægt að skipta niður í:

1) fyrirlestra, þar sem nám fer fram í náttúrulegu eða netlægu umhverfi undir eftirliti kennara

2) verklega þjálfun í kennsluumhverfi, skólastofum eða öðrum stöðum á skólasvæði

3) verklega þjálfun í starfsumhverfi, á vinnustað eða undir umsjón staðbundins leiðbeinanda

4) sjálfstæð vinna, þar sem nemendur sinna sjálfstætt mismunandi verkefnum með ákveðnum markmiðum og kennarar veita endurgjöf til þeirra um árangur. Er einnig hægt að vinna í netlægu umhverfi.

7. Efnislýsing námsins (kennsluáætlun)

Ætti að innihalda upplýsingar um helstu viðfangsefni, málefni eða umræðuefni sem farið verður yfir í fræðslunni.

8. Náms- og kennsluaðferðir

Ættu að taka mið af markmiðum námsins, þema og viðfangsefnum, eins bakgrunns nemenda, tiltækra úrræða, námsumhverfis og hæfis þeirra (St. Clair, 2015).

Þegar valdar og skipulagðar eru kennsluaðferðir og námsferli ætti að hafa heildarmyndina í huga (námskrá og aðal viðfangsefni, þema, markmið og hæfniviðmið). Gera ætti áætlun fyrir hvern dag þar sem tekið er tillit til heildarmyndarinnar. Markmiðið ætti að vera að ná samræmi á milli kennsluaðferða og námskeiðsins í heild.

Algengt er að greina á milli kennaramiðaðra aðferða og aðferða sem snúa að nemendum. Fyrirlestrar, kynningar og umræður falla til dæmis undir kennaramiðaðar aðferðir á meðan hópavinna, svo sem hugmyndavinna, málstofur, umræður, rökræður og pallborðsumræður falla undir nemendamiðaðar aðferðir.

9. Námsumhverfið

Getur verið bæði náttúrulegt eða netlægt eða bæði, fer eftir umfangi kennslustundarinnar. Mikilvægt er að gefa til kynna hvort nám fari fram í kennslustofu, tölvuherbergi, rannsóknarstofu eða annars staðar. Ef nám fer fram bæði í kennslustofu og rannsóknarstofu er nauðsynlegt að tilgreina hvaða búnað eða efni nemendur þurfa að nota í gegnum námskeiðið.

Nemendur hafa einnig áhuga á stærð hópsins.

Þegar námsferli er skipulagt er mikilvægt að hafa í huga að fólk man frekar hluti eins og það lærði þá í upphafi. Ef hæfniviðmið segja til um að þátttakendur eigi að geta notað þekkingu í verklegu starfi, þarf megin hluti námsins að fela í sér verklega þjálfun (Pilli o.fl., 2013).

10. Kennslugögn

Þurfa að styðja ferli þekkingarsköpunar. Til að miðla upplýsingum er hægt að nýta ýmis gögn á netinu, myndir, myndbönd og annað sérstakt námsefni, auk kennslubókar, leiðbeininga eða annarra pappírsgagna (St. Clair, 2015).

Það efni sem nota þarf við námið þarf að vera vel aðgengilegt þátttakendum, þar sem gögnum er til dæmis úthlutað eða þeim hægt að niðurhala af netinu.

Námsefni er hægt að skrá bæði í námskrá eða í auglýsingu um námskeið á vefsíðu skólans. Að auki ætti að taka fram hvort efni sé útvegað af skólanum eða hvort þátttakendur þurfi að koma með það sjálft. Eins hvort að greiðsla fyrir efninu sé innifalin í skólagjöldum eða hvort greiða þurfi sérstaklega fyrir það.

11. Námsskírteini eða viðurkenningu

Ætti að gefa út til einstaklinga eftir að námskeiði lýkur. Það ætti að vera upplýsandi þar sem þátttakandi getur útskýrt fyrir vinnuveitenda sínum hvað hann lærði á námskeiðinu.

Skírteini er skjal sem staðfestir að símenntun sé lokið. Hægt er að afhenda skírteinið ef nemandi skilaði fullnægjandi námsárangri og uppfyllti öll þau hæfniviðmið sem nauðsynlega þurfti til að ljúka námskránni.

Viðurkenning um þátttöku í símenntun ætti að afhenda einstaklingum ef námið var ekki metið eða hæfniviðmið voru ekki uppfyllt. Hún má aðeins innihalda upplýsingar um þau viðfangsefni sem nemandi fór yfir á námskeiðinu.

12. Hæfni kennara

Má meta með eftirfarandi skilyrðum sem einnig ættu að koma fram í námskrá:

1) Menntunarstig (þar með talin símenntun eða þjálfun)
2) Fagleg menntun og hæfi (vera með fagskírteini)
3) Gagnleg reynsla kennara á sviði þess sem fjallað er um í námskeiðinu

2.4 Námsmat

Námsmat er mikilvægur þáttur í námsferlinu (Drenkhan, 2016) og er mikilvægt því það virkjar mann (Tummons, 2011):

1) til að komast að því hvort nám hafi í raun átt sér stað
2) til að greina þarfir nemenda
3) til að gefa út skírteini, það er, staðfesta að nám hafi átt sér stað
4) til að halda námi áfram og staðfesta menntunarstig
5) til að meta framfarir í markmiðum námskeiðsins
6) til að hvetja og virkja nemendur

Hægt er að lýsa námsmati sem samfelldum fjögurra þrepa hring (mynd 2): í upphafi eru sett fram skýr mælanleg hæfniviðmið, því næst er nemendum veitt tækifæri til að ná þeim viðmiðum. Upplýsingum og gögnum er safnað og þau stöðugt greind til að athuga hvort námið uppfylli væntingar. Samkvæmt greiningu er námið svo þróað enn frekar (Suskie, 2009).



Mynd 2: Námsmat sem fjögurra þrepa hringur (Suskie, 2009)

Matsaðferð þarf að líkjast virkni eða aðstæðum þar sem nemendur þurfa seinna að nota þá þekkingu eða hæfni sem þeir lærðu (Stenström, 2005).

Val á matsaðferðum fer eftir þema, stærð námshópsins og aðstæðum námsumhverfisins (Tummons, 2011). Matsaðferðum er hægt að skipta í tvennt þar sem:

1) áhersla er lögð á að meta ferlið, til dæmis með verklegri þjálfun, sýnikennslu, viðtölum eða viðmiðum sem lýsa virkni nemenda, til dæmis hvort þeir taki til á vinnusvæði sínu.
2) áhersla er lögð á að meta niðurstöður sem endurspegla matsviðmiðin þar sem til dæmis safnmappa inniheldur sjálfsgreiningu og nemendur bera hæfni sína saman í upphafi náms og við lok þess.

Ef um er að ræða fullorðna nemendur er hægt að nota eftirfarandi matsaðferðir: athuganir, próf, tölvupróf, sýningar eða hópkynningar (Tummons, 2011).

Í upphafi náms verður að gera nemendum viðvart um matsviðmið. Á meðan á námi stendur fá nemendur endurgjöf um framför sína, kallað leiðsagnarmat.

Lokamat er notað strax eftir að námi lýkur, nemendur fá endurgjöf um hvar þeir standa varðandi þekkingu og færni og ákvörðun er tekin um hvort þeir hafi staðist hæfniviðmið. Endurgjöf hjálpar nemendum að skilja styrkleika og veikleika sína sem og gefur kennurum upplýsingar um skipulag námskeiðsins (Suskie, 2009).

2.5 Námsárangur

Mat á árangri náms byrjar við undirbúning þess, með því að setja fram markmið matsins, viðmið og vísbendingar um frammistöðu. Einnig með því að velja viðeigandi tæki til að safna upplýsingum.

Við nám er mögulegt að meta: námsumhverfi, kennara, námsefni, notkun miðla af ýmsu tagi, námsskipulag og búnað. Til lengri tíma litið er árangur náms metinn á þá leið hvernig þátttakendur nýta þekkingu sína og hæfni, skoðanir og viðhorf eftir námið, eins þær breytingar sem hafa komið til vegna þess (Kirkpatrick, 1998).

Tafla 1: Fjögurra þrepa aðferð Kirkpatricks (Kirkpatrick, 1998; Forsyth o.fl., 1995)

Þrep	Innihald mats	Gagnasöfnun
Þrep 1- viðbrögð	Hugsanir og tilfinningar þátttakenda strax eftir nám.	Endurgjöf þátttakenda, á meðan og við lok náms, munnleg eða skrifleg.
Þrep 2- lærdómur	Þekking eða hæfni þátttakenda sem hlýst af námi eða breytingar á viðhorfum þeirra.	Felst í að sýna fram á þekkingu, próf, tilraunir, hlutverkaleikir, viðtöl eða aðrar slíkar aðferðir sem eiga sér stað á meðan námi stendur. Próf fyrir og eftir námið.
Þrep 3- breytingar í hegðun	Yfirfærsla þekkingar eða hæfni í starf (breyting á starfshegðun vegna námsins).	Þátttakendur eru metnir 3-6 mánuðum eftir nám þar sem fylgst er með þeim í þeirra náttúrulega umhverfi.
Þrep 4- árangur	Árangur sem kemur til vegna námsins, það er, ávinningur fyrir fyrirtæki þar sem þátttakandi vinnur.	Lækkaður kostnaður, aukin velta eða framleiðsla, framfarir í starfi eða innleiðing nýjunga.

Markmiðið með því að meta árangur er að gefa mismunandi hagsmunaaðilum endurgjöf til að hægt sé að bæta árangur (Drenkhan, 2016):

- mannauðsstjóra og samningsstofnana, til að bæta gæði skipulags mismunandi náms eða til að velja kennara
- þátttakenda, til að hvetja sig og greina
- leiðtoga, til að skipuleggja starfsemi stofnunar eða til að réttlæta gjöld
- þjálfunaraðila, til að skipuleggja betur námskeið og velja kennara
- kennara, til að bæta frammistöðu sína

Heimildir

Drenkhan, E. (2016). "Adult educators` teaching and assessing practices in work-related training organised in the vocational schools on the example of the field of construction". Unpublished master`s thesis. Tartu Ülikool.

Forsyth,I., Jolliffe, A., Stevens, D. (1995). Evaluating a course. Practical strategies for teachers, lecturers and trainers. London: Kogan Page Limited.

Illeris, K. (2004). *Adult education and adult learning*. Florida: Krieger Publishing Company.

Kirkpatrick, D. (1998). *Evaluating Training Programs: The Four Levels*. San Francisco: Berrett-Koehler Publishers, Inc.

Knowles, M. S., Holton, E., & Swanson, R. (1998). The Adult Learner: The Definitive Classic in Adult Education and Human Resourse Development. USA: Butterworth- Heinemann.

Pilli, E., Aruväli, S., Kaldas, H., & Reppo, S. (2013). Additional training curriculum. Guidance material. Tartu: Ministry of Education and Research.

St. Clair, R. (2015). *Creating Courses for Adults. Design for learning*. San Francisco: Jossey- Bass A Wiley Imprint.

Stenström, M-L. (2005). Assessment of Work-Based Learning in Vocational Education Training as a Subject for Research: Quality Assurance and Practice- Oriented Assessment in Vocational Education and Training. P. Puohotie (Toim), *Learning the skills. Special Edition of the Finnish Journal of Vocational and Professional Education* (lk 99-105). Helsinki: Finnish Vocational Education Research Association OTTU.

Suskie, L. (2009). *Assessing student learning: a common sense guide*. San Francisco: Jossey- Bass A Wiley Imprint.

Tummons, J. (2011). Assessing Learning in the Lifelong Learning Sector. London: Learning Matters.

3. Almenn námskrá fyrir menningarlega sjálfboðaliða

Hér fylgir dæmi um almenna námskrá fyrir menningarlega sjálfboðaliða:

1. Titill námskrárinnar

Almennt námskeið fyrir menningarlega sjálfboðaliða og stjórnendur í dreifðum byggðum.

2. Uppbygging námskrárinnar

Námsstig þessarar fullorðinsfræðslu eru stigin á bilinu 4-5, samkvæmt European Qualifications Framework. EQF leggur áherslu á þekkingu, færni og hæfni og eru stigin á bilinu 1-8, frá grunnstigi til framhaldsstigs - sjá
http://www.cedefop.europa.eu/en/events-and-projects/projects/european-qualifications-framework-eqf

Hæfniviðmið fela í sér:

- Þrep 4- þekkingu: staðreynda- og fræðilega þekkingu í víðu samhengi innan menningarmála í samfélagslegu samhengi.
- Þrep 4- færni: þá hugrænu- og hagnýtu færni sem þarf til að leysa vandamál innan menningarsviðs.
- Þrep 5- hæfni: að nýta stjórnun og umsjón í tengslum við störf þar sem ófyrirsjáanlegar breytingar verða. Einnig rýna í og þróa frammistöðu sjálfs síns og annarra.

3. Markmið námskeiðsins

Aðal markmiðið er að efla hæfni menningarlegra sjálfboðaliða og stjórnenda í dreifðum byggðum, til að auka aðgengi og veita tækifæri á lista- og menningarstarfsemi fyrir nærsamfélagið með aukinni þátttöku íbúa, styrktum tengslum samfélagsins og staðarvitund.

4. Hæfniviðmið

Að loknu námskeiði, skulu menningarlegir sjálfboðaliðar hafa bætt hæfni sína í að minnsta kosti 4-6 af eftirfarandi 8 þáttum:

1. Borið kennsl á og staðfest lærdóm sinn og sýnt gagnsemi hæfni sinnar til að vinna sem menningarlegur sjálfboðaliði eða stjórnandi.
2. Skilið og getað útskýrt möguleikana á því að listir og menning geti auðgað lífið í þorpum og afskekktum svæðum.
3. Skipulagt menningartengd verkefni sem taka mið að menningarlegum- og sögulegum bakgrunni sem og sögulegri samfellu svæðisins.
4. Virkjað hagsmunaaðila frá menningar- og menntastofnunum á svæðinu, sem og stjórnsýslu og aðila úr einkageiranum.
5. Nýtt hæfni sína sem hópstjóri til að koma af stað, framkvæma og ljúka þvermenningarlegum verkefnum með aukinni þátttöku frá íbúum og styrktum samfélagslegum tengslum.
6. Auglýst eða komið nýrri menningarstarfsemi á framfæri til nýrra hópa og nýtt fjölbreytt úrval upplýsingamiðla í samfélaginu.
7. Veitt fjármálastjórnun við menningarverkefni, þar með talda fjáröflun til stuðnings starfsemi á staðnum.
8. Metið og yfirfært námið á eigin verkefni í framtíðinni sem sjálfboðaliðar eða stjórnendur.

5. Markhópur

Námskeiðið miðar að menningarlegum sjálfboðaliðum í dreifðum byggðum sem vilja styrkja hæfni sína til að koma af stað eða stjórna þvermenningarlegum menningarviðburðum í sveitarfélögum með aukinni þátttöku íbúa, styrktum samfélagslegum tengslum og staðarvitund. Fjöldi þátttakenda á námskeiðinu er 12-24.

6. Inntökuskilyrði

Þátttakendur þurfa ekki að hafa lokið formlegri menntun á sviði menningar eða listar. Krafist er starfsreynslu sem menningarlegur sjálfboðaliði, sem og áhuga á félagslegri sýn samfélagsins.

Þátttakendur skulu senda hvatabréf, þar sem þeir útskýra mikilvægi námskeiðsins fyrir þeim og hvernig þeir telja sig geta nýtt nýja þekkingu og hæfni í starfi í framtíðinni sem menningarlegir sjálfboðaliðar eða menningarleiðtogar.

7. Kennslustundir og námskeiðstegundir

Heildarfjöldi kennslustunda námskeiðsins eru 20 akademískar klukkustundir (þar sem ein kennslustund eru 45 mín.), þar á meðal 16 akademískar stundir inni í kennslustofu og 4 stundir af einstaklingsvinnu.

Þetta 20 akademíska klukkustunda (45 mín) námskeið, getur falið í sér:

- 8 stundir: einn laugardagur, 10-16 (hádegismatur talinn með)
- 8 stundir: tveir virkir dagar, 17:30-22 (léttur kvöldmatartími talinn með)
- 4 stundir: heimavinnu, fyrir, eftir og á meðan námskeiði stendur.

8. Helstu viðfangsefni

1. Að geta staðfest fyrri lærdóm sinn og sýnt gagnsemi hæfni sinnar til að vinna sem menningarlegur sjálfboðaliði.
2. Möguleikar listar og menningar til að geta auðgað líf í þorpum og á afskekktum svæðum.
3. Mikilvægi menningar- og sögulegs bakgrunns samfélagsins sem og áhrif staðarmenningar og listasamtaka.
4. Að virkja hagsmunaaðila, sérstaklega samstarf við staðarmenningu og menntastofnanir.
5. Samræmi þvermenningarlegra verkefna með aukinni þátttöku íbúa og styrkingu samfélagslegra tengsla.
6. Markaðssetning til að koma nýrri menningarstarfsemi á framfæri til nýrra hópa og nýting fjölbreytts úrvals upplýsingamiðla í samfélaginu.
7. Fjármálastjórnun menningarverkefna, þar með talin áhrifaríik fjáröflun.
8. Yfirfærsla náms á eigin verkefni í framtíðinni sem menningarlegir sjálfboðaliðar.
9. Mat á eigin hæfniþróun og flutningshæfni námsins, einnig að fylla út mats spurningalista um námskeiðið.

9. Kennsluaðferðir

Kennslan mun byggja á þátttöku- og virkniaðferðum, samþættingu og sameiginlegri reynslu, einnig yfirfærslu námsins inn í sérstök verkefni innan ákveðinna stofnana. Hún mun fela í sér:

- Stutta og hnitmiðaða fyrirlestra, sameiginlegar umræður, hópavinnu og vinnustofur um ferilsathuganir, paravinnu og jafningjamat.
